

Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Dalabyggð

1. gr.

Stuðningur í húsnæðismálum.

Dalabyggð býður upp á þrenns konar stuðning í húsnæðismálum með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins:

- Félagslegt leiguhúsnæði.
- Almennar húsaleigubætur.
- Sérstakar húsaleigubætur.

2. gr.

Skilgreiningar.

Félagslegu húsnæði er úthlutað skv. reglum Dalabyggðar um úthlutun leiguíbúða.

Almennar húsaleigubætur eru greiddar skv. lögum og reglugerð um húsaleigubætur.

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og/eða annarra félagslegra erfiðleika.

3. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild.

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi:

- a) Umsækjandi hefur ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- b) Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hefur sótt um þær.
- c) Umsækjandi á lögheimili í Dalabyggð þegar sótt er um og hefur átt lögheimili þar a.m.k. síðustu 18 mánuði samfleytt áður en umsókn berst.
- d) Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- e) Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika.
- f) Umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði um tekju- og eignamörk:
 - i. Tekjuviðmið eru neyslueining (grunnupphæð) skv. reglum Dalabyggðar um fjárhagsaðstoð, uppreiknuð miðað við fjölskyldustærð. Tekjumörk fyrir einstakling eru 1,75 neyslueining kr. 3.073.021 á ári.
 - ii. Tekjumörk 2ja manna fjölskyldu 1,75 x 1,6 neyslueining, 3ja manna 1,75 x 1,8 neyslueining o.s.frv.
 - iii. Eignamörk eru tvöföld neyslueining.
 - iv. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda.

Tekju- og eignamörk framreiknast skv. vísitölu neysluerðs í janúar ár

hvert sbr. 10. gr. reglna Dalabyggðar um fjárhagsaðstoð. Ofangreindar upphæðir miðast við janúar 2014.

4. gr.

Undanþágur frá skilyrðum.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr. um lögheimili og tekjuviðmið við eftirfarandi skilyrði:

Undanþága frá lögheimili:

- a. Umsækjandi hefur búið í Dalabyggð stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.

Undanþága frá lögheimili og/eða tekjuviðmiði:

- b. Umsækjandi er samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Félagsmálanefnd Dalabyggðar úrskurðar um undanþágur.

5. gr.

Fjárhæð.

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000 fær leigjandi kr. 1.300 í sérstakar húsaleigubætur.

Húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 65.000 og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 35.000 í kostnað af húsaleigu.

6. gr.

Upplýsingar um aðstæður.

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni.

7. gr.

Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta.

Sérstakar húsaleigubætur eru ákvarðaðar til 4ra mánaða í senn, þrisvar sinnum á ári, þ.e. í janúar, maí og september ár hvert.

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

8. gr.

Umsóknarfrestir - endurnýjun á umsókn.

Endurnýja skal umsókn um sérstakar húsaleigubætur á 4 mánaða fresti.

Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur skulu berast fyrir 15. janúar, 15. maí og 15. september ár hvert.

9. gr.
Málsmeðferð

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu og með vitund umsækjanda.

Afgreiða skal umsókn fyrir lok janúar, maí eða september eftir því sem við á og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

10. gr.
Gildistaka

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 18. febrúar 2014.

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri